

**3425. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
20. júlí 2020 og hófst hann kl. 09:15.**

Fundinn sátu:

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Rakel Óskarsdóttir aðalmaður, Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs, Guðný Jóna Ólafsdóttir verkefnastjóri, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir verkefnastjóri og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Sædís Alexía Sigurmundsdóttir, verkefnastjóri.

Fyrir tekið:

1. 1910179 - Fjöliðjan - uppbygging á Dalbraut 10

Á sameiginlegum fundi skipulags- og umhverfisráðs og velferðar- og mannréttindaráðs þann 13. júlí sl. var fjallað um uppbyggingu Fjöliðjunnar.

Ráðin leggja til við bæjarráð að greinargerð starfshóps um framtíðarhúsnaði Fjöliðjunnar að Dalbraut 10 verði höfð til hliðsjónar við uppbyggini hennar og að starfshópi verði falið að koma með tillögu um samspil húss og lóðar er varðar framtíðaruppbyggingu Fjöliðjunnar.

Bæjarfulltrúarnir ELA og VLJ samþykkja að greinargerð starfshóps um framtíðarhúsnaði Fjöliðjunnar að Dalbraut 10 verði höfð til hliðsjónar þegar kynning fer fram fyrir helstu hagsmunaaðilum. Starfshópnum er einnig falið að reikna út hver kostnaður væri við byggingu nýs hús á sama reit og þeim útreikningum ásamt samantekt um þann kost verði skilað samhliða niðurstöðu kynningar með hagsmunaaðilum eigi síðar en 15. september næstkomandi.

*Elsa Lára Arnardóttir (sign)
Valgarður Lyngdal Jónsson (sign)*

Bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokkssins áréttar að markmið vinnuhópsins var að skila mögulegum sviðsmyndum um uppbyggingu á starfsemi Fjöliðjunnar vinnu- og hæfingarstað á núverandi stað við Dalbraut 10. Þau gögn sem liggja til samþykktar í bæjarráði 20. júlí fela ekki í sér ólikar sviðsmyndir heldur niðurstöðu um hvernig eigi að vinna verkið áfram. Fara á af stað með kynningu á niðurstöðum hópsins án sampykkis og umræðu í bæjarstjórn. Sjálfstæðisflokkurinn kallar eftir að starfshópurinn uppfylli það markmið sem honum var falið eftir umræður í bæjarstjórn þann 14. janúar s.l.

Rakel Óskarsdóttir (sign)

2. 2004169 - Aðalskipulagsbreyting - stækjun Skógarhverfis.

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs þann 13. júlí sl var fjallað um aðalskipulagsbreytingu vegna Skógarhverfis.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð sem starfar í umboði bæjarstjórnar að aðalskipulagsbreytingin verði auglýst samhliða breyttu og nýju deiliskipulagi Garðalundar og Lækjabotna og breytingu á deiliskipulagi Skógarhverfi áfangi 3A, samanber 3. og 4. lið fundargerðar þessarar. (málsnr.

2005360 og 1906111)

Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar samþykkir að aðalskipulagsbreyting vegna Skógarhverfis verði auglýst samhliða breyttu og nýju deiliskipulagi Garðalundar og Lækjabetna og breytingu á deiliskipulagi Skógarhverfis áfangi 3A.

Samþykkt 2:0, Ró situr hjá.

3. 2005360 - Deiliskipulag Skógarhverfis áfangi 3 A

Lögð var fram tillaga að deiliskipulagi Skógarhverfis áfangi 3A, sem unnin er af Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssyni og félögum ehf. á fundi skipulags- og umhverfisráðs þann 13. júlí sl.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð sem starfar í umboði bæjarstjónar, að deiliskipulagsbreytingin verði auglýst samhliða breytingu á aðalskipulagi Akraness 2005-2017 og nýju og breyttu deiliskipulagi Garðalundar og Lækjabetna, samanber 2. og 4. lið fundargerðar þessarar. (málsnr. 2004169 og 1906111).

Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar samþykkir að deiliskipulagsbreyting vegna Skógarhverfis áfangi 3A verði auglýst samhliða breytingu á aðalskipulagi Akraness 2005-2017 og nýju og breyttu deiliskipulagi Garðalundar og Lækjabetna.

Samþykkt 2:0, Ró situr hjá.

4. 1906111 - Deiliskipulag Garðalundar og Lækjabetna - endurskoðun

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs þann 13. júlí sl. var lögð fram deiliskipulag af Garðalundi og Lækjabetnum, sem unnin er af Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssyni og félögum ehf.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð sem starfar í umboði bæjarstjónar, að deiliskipulagsbreytingin verði auglýst samhliða breytingu á aðalskipulagi og breytingu á deiliskipulagi Skógarhverfis áfangi 3A, samanber 2. og 3. lið fundargerðar þessarar. (málsnr. 2004169 og 2005360). Bent er á að í tillögunni felst m.a. að eldra deiliskipulag Garðalundar sem samþykkt var í bæjarstjórn 27. apríl 2010 verður fellt úr gildi við gildistöku nýs deiliskipulags.

Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar samþykkir að deiliskipulagsbreytingin vegna Garðalundar og Lækjabetna verði auglýst verði auglýst samhliða breytingu á aðalskipulagi Akraness 2005-2017 og breytingu á deiliskipulagi Skógarhverfis áfangi 3A.

Samþykkt 2:0, Ró situr hjá.

5. 2005274 - Viðigrund 5 - Grenndarkynning vegna stækkunar húss

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs þann 13. júlí sl. var fjallað um umsókn um stækkun húss við Viðigrund 5. Grenndarkynnt var skv. 44. gr. skipulagslagra nr. 123/2010, frá 4. júní til og með 7. júlí 2020. Engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð, sem starfar í umboði bæjarstjónar, að heimila viðbyggingu við Viðigrund 5, skv. grenndarkynningu.

Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar heimilar viðbyggingu við Viðigrund 5 samkvæmt grenndarkynningu.

Samþykkt 3:0.

6. 2002182 - Búnaðar- og áhaldakaup (tækjakaupasjóður) 2020

Umsókn Bókasafns Akraness í tækjakaupasjóð vegna uppfærslu á sjálfafreiðsluvél safnins og útskiptingu á server vélarinnar.

Kostnaður er samtals kr. 537.000.

Bæjarráð samþykkir fjárveitinguna samtals kr. 537.000 sem ráðstafað skal af 20890-4660 (óviss útgjöld).

7. 2004150 - Skógræktarfélag Akraness 2020 - styrkir og land til skógræktar

Erindi Skógræktarfélags Akraness um áframhaldandi fjárstuðning.

Lagt fram og vísað til skipulags- og umhverfisráðs.

8. 2006169 - Klúbburinn Geysir - umsókn um styrk 2020

Styrkumsókn klúbbsins Geysis fyrir árið 2020. Bæjarráð frestaði afgreiðslu málsins á fundi sínum þann 25. júní sl.

Bæjarráð þakkar fyrir erindið en getur því miður ekki orðið við því.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:00.

Eisa lára Anna Þórhildr.

Valgerður Þóra Þórssen

Rakel Óskarsdóttir

Soruis Alexa Sigmundsdóttir.